



Fundur háskólaráðs 23. október 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 18.10.2007
Dags: 23.10.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

14/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, þriðjudaginn 23. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 10.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Helgi Þorbergsson, Erna Kristín Blöndal, Inga Jóna Þórðardóttir, Matthías Páll Imsland, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

1. Mál á dagskrá

1.1 Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi HÍ. Niðurstaða háskólafundar 19. október 2007 og drög að erindisbréfi starfshópa um skiptingu fræðasviða í deildir.

Fyrir fundinum lágu lokatillögur starfshóps háskólaráðs, samþykktar á háskólafundi 19. október sl. Rektor kynnti málið og var það rætt ítarlega. Gerð var grein fyrir nokkrum minni háttar breytingum á tillögnum í kjölfar umræðna á háskólafundi og í háskólaráði.

– Lokatillögur um endurskoðað skipulag og stjórnkerfi Háskóla Íslands samþykktar samhljóða. Fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora sat hjá við atkvæðagreiðsluna og gerði grein fyrir skriflegri greinargerð sinni þar um. Jón Atli Benediktsson, þróunarstjóri Háskólans og aðstoðarmaður rektors, sat fundinn undir þessum lið.

Að lokinni atkvæðagreiðslu um tillögurnar fór rektor yfir verk- og tímaáætlun um framkvæmd tillagnanna og framlagt erindisbréf starfshópa um skiptingu fræðasviða í deildir. Málið var rætt ítarlega.

– Samþykkt einróma.

Þakkaði rektor fulltrúum í háskólaráði, starfshópi ráðsins um endurskoðun á skipulagi og stjórnkerfi Háskólans, Ólafi Þ. Harðarsyni formanni starfshópsins og öllum öðrum sem tekið hafa þátt í undirbúningi þessa mikilvæga máls fyrir framlag þeirra til að leiða það farsælega til lykta. Lýstu ráðsmenn mikilli ánægju með málið. Rektor var þakkað sérstaklega fyrir forystu í málinu og tillögurnar sagðar vera heillaspor og merkur áfangi í sögu Háskóla Íslands. Þar sem þetta var síðasti háskólaráðsfundur Matthíasar Páls Imsland, fulltrúa þjóðlífs, ávarpaði rektor hann og þakkaði fyrir einstakt framlag hans, hvatningu og stuðningu við málefni Háskóla Íslands. Endurgalt

Matthías kveðjuna og þakkaði fyrir gott og gefandi samstarf. Að því búnu vék Matthías af fundi og hélt til annarra skyldustarfa.

1.2 Rannsóknareikningar kennara, sbr. fyrirspurn á fundi háskólaráðs 20. september sl.

Inn á fundinn kom Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs, og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um rannsóknareikninga kennara. Málið var rætt og svaraði Sigurður framkomnum spurningum og athugasemdum.

1.3 Framtíðarskipulag og rekstrarfyrirkomulag Endurmenntunar Háskóla Íslands, sbr. fund ráðsins 20. september sl.

Inn á fundinn kom Magnús Þór Jónsson, prófessor við verkfræðideild og formaður stjórnar Endurmenntunar Háskóla Íslands, og gerði vandlega grein fyrir framlögðu minnisblaði starfshóps háskólaráðs um tillögur um framtíðarskipulag og rekstrarfyrirkomulag Endurmenntunar Háskóla Íslands. Í starfshópnum eiga sæti, auk Magnúsar Þórs, þau Birna Arnbjörnsdóttir, dósent og fulltrúi hugvísindasviðs í háskólaráði, Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild og fulltrúi í stjórn Endurmenntunar, og Rúnar Vilhjálmsson, prófessor og fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara í háskólaráði. Fyrir fundinum lá einnig minnisblað Sigurðar J. Hafsteinssonar, sviðsstjóra fjármálasviðs og Þórðar Kristinssonar, sviðsstjóra kennslusviðs, um málið. Málið var rætt ítarlega og svaraði Magnús Þór framkomnum spurningum og athugasemdum.

– Samþykkt einróma að fela starfshópi háskólaráðs að halda áfram að þróa tillögur sem miða að því að rekstrarfyrirkomulagi Endurmenntunar Háskóla Íslands verði breytt í sjálfseignarstofnun.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Fjárhagsáætlun fyrir MBA nám 2007-2009 við viðskipta- og hagfræðideild.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

– Samþykkt einróma.

2.2 Stjórnir, nefndir og ráð: Varafulltrúi háskólaráðs í fastadómnefnd á sviði félagsvísinda.

Rektor bar upp tillögu um að Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild, verði varafulltrúi háskólaráðs í fastadómnefnd á sviði félagsvísinda. Kemur hann í stað Bjargar Thorarensen sem víkur vegna þess að hún hefur tekið við starfi deildarforseta lagadeildar.

– Samþykkt einróma.

2.3 Tillögur að breytingum á reglum og að nýjum reglum: Tillaga kennslumálanefndar að breytingu á reglum um upptöku- og sjúkrapróf.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

– Samþykkt einróma.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Umsókn Háskóla Íslands um heimild fyrir fræðasvið hugvísinda (guðfræðideild, hugvísindadeild), náttúruvísinda (raunvísindadeild) og verk- og tæknivísinda (verkfræðideild) til þess að bjóða upp á nám til doktorsprófs, sbr. reglugerð nr. 37/2007 um doktorsnám í háskólum skv. 7. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og reglur nr. 1067/2006 um viðurkenningu háskóla.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 12.15.